



Íslenska Járblendifélagið hf.  
Grundartanga - Skilmannahreppi  
301 Akranes

Alþingi

Alþingi nr. Þ 116 '644  
komudagur 16 / 12 1992

SÍMI: 354-3-20200  
TELEX: 2131 alloys is  
BRÉFSÍMI: 354-3-20101

VIÐTAKANDI:	Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis	BRÉFSÍMI NR.	91-25680
BERIST:	<del>Dórhámmri</del> Ritara nefndarinnar		
SAMRIT:		BRÉFSÍMI NR.	
SENDANDI:	Íslenska Járblendifélagið hf.		
DAGS.	16.12.1992	TILV.	BLS. 1 AF 3
EFNI:	UMFJÖLLUN UM LANDSÖTTSVAR.		

Íslenska Járblendifélagið hf. þakkar boð efnahags- og viðskiptanefndar á fund nefndarinnar um álagningu landsötsvars.

Vegna skamms frests sjá fulltrúar félagsins sér ekki fært að mæta til fundarins og skýra viðhorf félagsins til málsins, en í meðfylgjandi bréfi, sem nýlega var sent Félagsmálaráðuneytinu koma þessi viðhorf skýrt fram.

Virðingarfyllt,

f.h. ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF.

  
Stefán Reynir Kristinsson

**Íslenska Járblendifélagið hf.**

Icelandic Alloys Ltd.  
Grundartangi - Skilmannahreppur  
301 Akranes Iceland  
Tel.: 354 3 20200  
Telex: 2131 alloys is  
Telefax: 354 3 20101

Félagsmálaráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu

101 REYKJAVÍK

Tilv. yðar  
Your ref.

Tilv. vor  
Our ref.

JS//SW  
052.10  
160

Grundartanga, 30.11.1992

Í 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989 er ákvæði um, að Íslenska járnblendifélagið h.f. skuli greiða landsútsvar, sem rennur að mestu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir venjulegum reglum.

Nú hefur verið ákvæðið að fella niður heimildir sveitarfélaga til álagningar aðstöðugjalds, en jafnframt gert ráð fyrir, að landsútsvar verði eftir sem áður lagt á og innheimt eins og verið hefur.

Vegna þessa vekur járnblendifélagið athygli ráðuneytisins á því, að álagning landsútsvars á félagið á sér annan grunn en álagning þess á aðra greiðendur landsútsvars, sem hér verður gerð nánari grein fyrir.

Í 12. gr., lið 3, undir lið d í aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands við Elkem a/s og Sumitomo Corporation frá 13. september 1984 er ákvæði um, að Íslenska járnblendifélagið skuli greiða veltuskatt af veltu sinni, ekki hærrí en 0,5% af rekstrargjöldum eftir venjulegum reglum skattalaga. Þetta ákvæði er óbreytt frá upphaflegum aðalsamningi frá 1976 og hefur sem slíkt hlotið lagagildi með lögum nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði og lögum nr. 95/1984 um breyting á þeim lögum.

Í tæðum aðalsamningi er skýrt tekið fram, að veltuskattur þessi sé á lagður í staðinn fyrir aðstöðugjald skv. V. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.



Þegar aðstöðugjald skv. tilvitnuðum V, kafla tekjustofnalaganna verðu nú fellt niður, er ljóst, að innheimta veltuskatts af þessu tagi af járblendifélaginu fær ekki staðist skv. greindum aðalsamningi. Álagning landsútsvars skv. ívitnaðri 9. gr. 1. nr. 91/1989 hlýtur í þessu efni að víkja fyrir hinum lögfestu skuldbindingum aðalsamningsins við hina erlendu meðeigendur ríkisins að járblendifélaginu. Verður raunar að líta svo á, að tilgreining járblendifélagsins sem greiðanda landsútsvars í téðri lagagrein sé fyrst og fremst aðferð til að ákveða í hvaða farveg umræddar tekjur af veltuskatti skuli falla að því leyti sem þær falla til.

Með vísan til framanritaðs fer járblendifélagið þess á leit, að félagsmálaráðuneytið sjái til þess, að skattstjórinn í Reykjavík, sem leggur landsútsvar á skv. 10. gr. 1. nr. 91/1989, fái fyrirmæli um, að landsútsvar járblendifélagsins falli niður, þegar og með sama hætti og aðstöðugjald gerir.

Virðingarfyllt,

f.h. ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF.

Jón Sigurðsson  
frankvæmdastjóri